

Hróðmar Helgason, læknir Barnaspítala Hringins, Landspítala:

Hjartaaðgerðir á börnum á aldrinum 0–18 ára á Íslandi



Hróðmar Helgason


Inngangur

Til skamms tíma voru allar hjartaskurðaáðgerðir á íslenskum börnum framkvæmdar erlendis. Á árunum milli 1960 og 1970 voru fjölmörg börn send til aðgerða til Kaupmannahafnar en eftir það voru flest börnin send til Englands. Samstarfið við Englendingana gekk mjög vel og er enn nokkur fjöldi barna sendur þangað til aðgerða. Á síðastliðnum árum hefur einnig nokkur hópur barna verið sendur til aðgerðar

á barnaspítalanum í Boston í Bandaríkjunum. Á árinu 1990 var í fyrsta sinn framkvæmd hjartaskurðaáðgerð á barni á Íslandi. Var sá kostur valinn þar sem læknar Barnaspítala Hringins töldu að öruggara væri að framkvæma aðgerðina hér á landi en erlendis en flutningurinn milli landa var talinn of áhættusamur fyrir barnið. Þessi tímamótaáðgerð gekk mjög vel og náði sjúklingurinn fullri heilsu.

Í framhaldi af þessu fjölgaði aðgerðum hérlendis á næstu árum og á árinu 1994 urðu

Fjöldi aðgerða



aðgerðirnar orðnar sjö. Þá var orðið nokkuð ljóst að ekki væri unnt að halda áfram á þessari braut nema sérstaklega yrði til þess tekið í rekstri Landspítalans. Því fór svo að þessi starfsemi var aftur lögð niður að mestu meðan leitað var úrræða. Á árinu 1995 voru framkvæmdar fimm aðgerðir hérlendis og á árinu 1996 aðeins tvær. Í árslok 1996 náðist hins vegar samkomulag milli Ríkisspítala og heilbrigðisráðuneytis um flutning fjármagns og var gert ráð fyrir að um helmingur allra hjartaskurðaáðgerða á börnum yrði framkvæmdur hérlendis. Keypt voru tæki, gengið

frá nauðsynlegum mannaáðningum og lagður grunnur að þessari starfsemi á Landspítalanum. Í mars árið 1997 var svo aftur hafist handa. Er í þessari grein kynntur árangurinn en þessi starfsemi nær nú yfir 11 ár, 1990 - 2000.

Aðgerðirnar

Hjartaskurðaáðgerðunum má skipta í tvo meginflokka, annars vegar aðgerðir þar sem hjarta- og lungnavél er notuð (opin aðgerð) og svo aðgerðir þar sem hjarta- og lungnavélin er ekki notuð (lokuð aðgerð).

Á árunum 1990 - 2000 gengust samtals 75 börn undir 79 hjartaskurðaáðgerðir hér á Íslandi, 71 barn gekkst undir eina aðgerð og fjögur börn undir tvær aðgerðir. Línurit 1 sýnir hvernig þessi fjöldi sjúklinga skiptist niður á hvert ár.

Lokaðar aðgerðir voru 46 og opnar aðgerðir voru 33.

Tegundir hjartagalla

Hjartagallar eru margvíslegir en þær tegundir hjartagalla sem gert hefur verið við hérlendis eru tilgreindir í töflu I. Flest barnanna voru með op á milli gátta, alls 30 börn, 8 drengir og 21 stúlka en op á milli gátta er mun algengara hjá stúlkum en drengjum. Þau gengust öll undir opnar aðgerðir og hefur þeim öllum farnast vel. Ekkert dauðsfall var í þessum hópi sjúklinga. Skurðaáðgerðirnar voru framkvæmdar þannig að opunum var lokað með bótum hjá öllum sjúklingunum. Bótin var fengin úr gollurshúsi sjúklingsins sjálfs. Þrjú börn voru með ákveðið afbrigði þessa galla. Gekkst eitt þeirra undir annars konar aðgerð til viðbótar við ígræðslu bótar þar sem tenging meginbláæðar við hjartagátt var flutt til. Dvöl á gjörgæslu var einn til tveir sólarhringar og legutími á sjúkrahúsinu að aðgerðardegi meðtöldum var frá 5 dögum upp í 14 daga (miðtala 7 dagar).

Nýburar

Í hópi nýbura er oft um að ræða fárveik börn sem illa þola erfiðan flutning milli landa. Enginn nýburanna gekkst undir opna aðgerð. Þessi hópur samanstóð af 20 börnum, 12 drengjum og 8 stúlkum.

Þrengsli í ósæð var algengasta ábendingin fyrir aðgerð í þessum hópi sjúklinga og greindist hjá

12 börnum, 7 drengjum og 5 stúlkum. Þess má geta að á síðustu 9 árum hefur aðeins eitt barn verið sent utan til aðgerðar vegna þrengsla í ósæð. Tafla II sýnir hvaða hjartaskurðaðgerðir voru framkvæmdar hjá nýburum á tímabilinu.

Eitt barn í þessum hópi lést eftir að hafa gengist undir tvær aðgerðir. Þótt flest barnanna með ósæðarþrengsli hafi verið fárveik við greiningu hefur þeim öllum farnast vel eftir aðgerð. Hjá fjórum þeirra hafa þrengsli tekið sig upp aftur og hafa þrjú þeirra gengist undir víkkun á þrengslunum í hjartaþræðingu.

Tafla I
Tegundir og fjöldi aðgerða í heild

Tegundir aðgerða	fjöldi aðgerða
Op á milli gátta (atrial septal defect)	30
Ósæðarþrengsli (coarctation aortae)	14
Framhjávæita (shunt aðgerð)	12
Opin fósturæð (patent foramen ovale)	2
Æðahringur (vascular ring)	2
Op á milli slegla (ventricular septal defect)	2
Aðrar aðgerðir	17
Samtals	79

Tafla II
Fjöldi og tegundir aðgerða hjá nýburum

Ósæðarþrengsli (coarctation aortae)	12
Hjávæituaðgerð (shunt)	6
Opin fósturæð (patent ductus arteriosus)	2
Samtals	20

Þá hafa tvö börn gengist undir aðgerð þar sem gúll sem myndast hafði í þrengingunni eftir útvíkkun í þræðingu var fjarlægður.

Árangur

Af 75 börnum sem gengust undir hjarta-skurðaðgerð náðu 74 fullri heilsu. Eitt barn lést eftir að hafa gengist undir tvær aðgerðir en í því tilviki var um að ræða mjög alvarlegan galla með litlar lífslíkur. Tveir sjúklingar fengu fylgikvilla þar sem vökvi safnaðist fyrir í gollurshúsi sem gekk til baka eftir lyfjameðferð með þvagræsilyfjum og sterum. Sjúklingurinn sem meginbláæð var flutt til í fékk síðkomna þrengingu í tengingu meginbláæðar inn í hjartað sem var lagfært í hjartaþræðingu.

Kostnaður

Hjartaskurðaðgerðir eru mjög kostnaðarsamar aðgerðir og var sá þáttur tekinn með þegar ákveðið var að framkvæma fleiri aðgerðir hér á landi. Kostaði hver aðgerð framkvæmd erlendis nálægt 2,5 milljónum króna (á núvirði) en samkvæmt okkar áætlunum yrði kostnaður við hverja aðgerð hérlandis um 1,2 milljónir króna. Þannig myndi sparast um helmingur kostnaðar við hverja aðgerð sem framkvæmd yrði hér heima. Með þetta að leiðarljósi ákvað heilbrigðisráðherra Ingibjörg Pálmadóttir að veita fjármagni til Ríkisspítala þannig að af þessu gæti orðið. Frá árinu 1990 til dagsins í dag hafa 79 aðgerðir verið framkvæmdar hérlandis og er sparnaðurinn nálægt 95 milljónum króna á þessu tímabili. Þá er ekki tekið tillit til óbeins sparnaðar sem hlýst af því að halda peningunum innan okkar hagkerfis.

Umfjöllun

Við búum í litlu samfélagi og getum ekki framkvæmt allar hjartaskurðaðgerðir á börnum hérlandis. Þurfum við því enn að reiða okkur á að geta sent nokkurn fjölda barna á sjúkrahús erlendis til meðferðar. Það skiptir verulegu máli fyrir okkur að framkvæma það sem unnt er hér á landi. Það er erfiðara en orð fá lýst að vera með veikt barn sitt á sjúkrahúsi erlendis, fjarri heimili og ástvinum og verðum við að leita allra ráða til að komast hjá því. Skiptir það okkur miklu að geta boðið skjólstaðingum okkar upp á þessa þjónustu hér heima. Þá er það ótalið að flutningur aðgerðanna heim veita atvinnu og sparar gjaldeyri. Er þá ótalinn mikilvægasti þáttur þessa máls, árangurinn. Hann er fyllilega sambærilegur við það sem gerist á bestu stöðum erlendis og megum við vera stolt af því.

Á hverju ári gangast 20–30 íslensk börn undir hjartaskurðaðgerðir og er nú rúmur helmingur aðgerðanna framkvæmdur hérlandis. Þannig höfum við náð þeim markmiðum sem við settum okkur þegar ráðist var í að framkvæma hjarta-skurðaðgerðir á börnum hérlandis. Einnig er hugsanlegt að seinna meir verði unnt að framkvæma enn fleiri hjartaskurðaðgerðir á börnum hérlandis. Það mun framtíðin leiða í ljós.